

BORGARRÁÐ 10. mars 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stofnun Stjórnsýsluendurskoðun Reykjavíkur - MSS22030098

Lagt er til að borgarráð samþykki að stofna Stjórnsýsluendurskoðun Reykjavíkur en hlutverk hennar yrði að gera stjórnsýsluúttektir á starfsemi stofnana Reykjavíkurborgar með tilliti til nýtingu fjármuna borgarinnar, hagkvæmni og skilvirkni og hvort að framlög skili tilætluðum árangri. Þessi Stjórnsýsluendurskoðun hefði svipað hlutverk og Ríkisendurskoðandi. Eitt af markmiðum slíkra úttekta væri að setja fram tillögur til úrbóta. Slík stofnun ætti að geta gert úttekt á öllum fyrirtækjum sem tengjast Reykjavíkurborg, stórum fjárfrekum verkefnum sem borgin er að hrinda í framkvæmd og fyrirtækjum sem fá fjármagn frá Reykjavíkurborg til sinnar starfsemi.

Greinargerð:

Stofnun sem þessi þarf ekki að vera stór en nægjanlega öflug til að taka að sér úttektir á stofnunum borgarinnar. Ástæða þess að tillaga sem þessi er sett fram er sem dæmi Braggamálið, ómarkviss meðhöndlun þjónustu- og nýsköpunarsviðs (PON) á fjármunum borgarinnar, hinar umdeildu reikningsskilaaðferðir Félagsbústaða, viðhaldsmál og mygla í húsnæði leikskóla- og grunnskóla og viðbrögð við athugasemdum foreldra vegna þeirra mála. Einnig mál SORPU og fjárfestingin í GAJU, hugmyndir um skipulag og fjárfestingar í borgarlínu, stefna í flugvallarmálum, framboð lóða með tilheyrandi verðlagsþróun á húsnæði svo fátt sé nefnt.